

**Mál nr. 37/2014**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A**

**Maður slasast á hendi þegar bor festist í álplötu þ. 25.3.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 30.1.2014 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 4.12.2013 og 17.2.2014.

**Málsatvik.**

M var að bora álplötu þegar borinn festist í plötunni og M greip í plötuna og reyndi að halda henna en við það vafðist vinnuhanski M utan um borinn sem varð til þess að M slasaðist á fingri. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að A og verkstjórar hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 og/eða reglugerðum samkvæmt þeim lögum. M segir að borvélina hafi ekki verið útbúin líkt og kveðið sé á um í 46.gr. 1. nr. 46/1980. Þá byggir M á því að ekki hafi verið gert áhættumat á vinnustaðnum og ljóst sé að borvél sú sem um ræðir sé vanbúin. Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins segir að hanski M hafi vafist utan um borvélina og við það hafi M kippt að sér hendinni og skorist hafi af fingri við fremsta lið. Þá segir að M sé læður vélvirki sem hafi unnið mikið við umrædda vél. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir einnig að borvélina sé ekki útbúin með neyðarstoppi og eingöngu hægt að stöðva borvélina með rofa sem staðsettur er á borvélinni sjálfri. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við umrædda borvél af hálfu Vinnueftirlitsins. V segir að M hafi starfaða hjá A í rúm 8 ár og sé menntaður málmiðnaðarmaður og unnið mikið við umrædda vél þar á meðal verk eins og það sem hann var að vinna í umrætt sinn. Þá segir V að neyðarrofi hefði ekki komið í veg fyrir slysið miðað við lýsingu á málavöxtum.

**Álit.**

M hafði unnið um árabíl hjá A og meðal annars við umrædda borvél. Fyrir liggur að vélina er komin til ára sinna og neyðarrofi er ekki á vélinni. Hanski M vafðist utan um borinn í umrætt sinn sem varð þess valdandi að M slasaðist á fingri þegar hann kippti hendinni að sér. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að orsakatengsl séu á milli slyss hans og þess að neyðarrofi var ekki á vélinni. Af framngreindum ástæðum og þess að ekki er sýnt fram á að verkstjórn hafi verið ábótavant eða borvélina vanbúin að því leyti, sem leiddi til slyssins þá á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.3.2014.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.